Atvinna

Módel (fyrirsæta)

óskast til starfa við Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Upplýsingar á skrifstofu skólans, sími 19821.

Sendill / Vélhjól

Óskum að ráða sendil á vélhjóli til starfa allan daginn eða fyrir hádegi.
Upplýsingar hjá starfsmannastjóra.
— starfsmannahald.

SAMBAND ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA

Aðalbókari — Reykjalundi

Aðalbókari óskast til starfa, staðgóð þekking og reynsla í bókhaldi áskilin.
Nánari upplýsingar gefur skrifstofustjóri í síma 66200.

Vinnuheimilið Reykjalundi

Verkfræðingur M.Sc

sem lauk námi í Englandi í ár með sérgrein: Exploitation of Materials, og hefur auk þess sveinspróf í vélvirkjun, óskar eftir atvinnutilboði til lengri eða skemmri tíma.
Vinsamlega sendið uppl. til auglýsingadeildar Þjóðviljans merkt: „Vélaverkfræðingur".


RÁÐHERRANEFND NORÐURLANDA
Norræna menningarmálaskrifstofan í Kaupmannahöfn

í norrænu menningarmálaskrifstofunni er laus til umsóknar staða deildarstjóra í deild þeirri er fjallar um samstarf á sviði almennra menningarmála, svo og staða fulltrúa.
Nánari upplýsingar um stöðuna má fá í menntamálaráðuneytinu, sbr. og auglýsingu í Lögbirtingablaði nr. 75/1979.
Umsóknarfrestur er til 1. október n.k. og ber að senda umsóknir til Nordisk ministerråd, Sekretariatet for nordisk kulturelt samarbejde, Snaregade 10, DK-1205 København K.
Menntamálaráðuneytið, 13. september 1979.


Felagsmalastofnun Reykjavíkurborgar
DAGVISTUN BARNA, FORNHAGA 8 SIMI 27277

Staða forstöðumanns

við leikskólann Árborg er laus til umsóknar.
Fóstrumenntun áskilin. Laun samkvæmt kjarasamningi borgarstarfsmanna.
Umsóknarfrestur er til 1. október.
Umsóknir sendist til skrifstofu Dagvistunar, Fornhaga 8, en þar eru veittar nánari upplýsingar.



Einn af sýnendum í Norræna húsinu, Valgerður Bergsdóttir, vinnur að uppsetningu hinnar bráðskemmtilegu sýningar grafíklistamanna.



Sleikipinni úr tré og plasti eftir Stefán Geir Karlsson á gólfi Kjarvalsstaða. Á veggjum hanga merkingalitlar klippimyndir.

Húrra fyrir konunum

Um þessar mundir standa yfir tvær yfirlitssýningar myndlistarmanna, önnur að Kjarvalsstöðum, hin í Norræna húsinu. Og það er ekki nema rétt mátulegt á allan þann aragrúa menntaðra myndlistarmanna, sem þar sýnir verk sín, að ófaglærður maðurinn gangi þar um og skýri frá því sem honum finnst að göngu lokinni. Sú umsögn verður þó hvorki vísindaleg né fræðileg, og ekki þurfa listamennirnir að óttast að þessu verði fram haldið í hvert sinn, sem þeir sýna afrakstur vinnu sinnar.

Haustsýning FÍM er að Kjarvalsstöðum. Í heildina er sýningin ófrjósemdarleg og leiðinleg. Þó eru þar undantekningar frá. Þar er framlag kvenna. Þarna á **Sigrún Guðjónsdóttir — Rúna** — sex gullfallegar og skemmtilegar myndir unnar í steinleir og **Guðný Magnúsdóttir** fjórar myndir listilega unnar í steinleir og postulín og **Matthea Jónsdóttir** tvær olíumyndir, fínlegar og hrífandi.

En þarna eru 44 sýnendur, og margir nýir. Af verkum þeirra, sem undirritaður minnist ekki að hafa séð myndir eftir áður á sýningum, bar af mynd númer 48, „45 ár sem skipasmiður", rauðbjarma olíumynd, eftir **Guðmund Ármann Sigurjónsson**. Olíumyndir annarra nýliða voru lítt eftirtektarverðar. Það voru gömlu jaxlarnir **Jóhannes Jóhannesson** og **Eiríkur Smith** sem hins vegar skiluðu sínu.

Af verkum annarra nýliða þótti mér ágæt pastelmynd **Guðmundar Björgvinssonar**, „Eldur í sinu", svo og tvær myndir **Arnars Herbertssonar** unnar í tré.

Gylfi Gíslason átti þarna tveggja mynda samstæðu, túss-myndir, smellna hugmynd. Olíupastelmyndir eftir **Hring Jóhannesson** verð ég að viðurkenna að hafa ekki fyrr séð og þótti mér skemmtilegar, sérstaklega myndin „Finnungur". Þarna voru tveir steindir gluggar eftir **Leif Breiðfjörð** og ullarmyndir eftir Leif og **Sigríði Jóhannesdóttur**. Þetta hvort tveggja staldraði ég við.

Nokkrar skúlptúrmyndir voru á strjálingi um sýningarsalinn. Fáar eða engar athyglisverðar nema „Stiklur" **Guðmundar Elíassonar**, unnin í járn, eir og polyester.

Og er þá komið að því sem verra var.

Klippimyndir virðast eiga vinsældum að fagna meðal myndlistamanna; kanski í kjölfar heimsóknar Errós fyrir rúmu ári. En hjálpi mér Þór og Óðinn; fjandi voru þær lélegar, merkingarlitlar og ljótar. Þó var þar undantekning: „Þversögn" **Sigurjóns Jóhannssonar** í 9 myndum, býsna smellið verk.

Ekki kann ég að teikna mann, fjandinn fjarri mér. En margir læra þetta. Fáir geta það. Einhvernveginn hefði ég í fáfræði minni haldið að sá sem ætlaði að teikna nakinn mannslíkama eða líkamshluta þyrfti að kunna býsnin öll í líkamsbyggingarfræðum, svo sem vöðvafræði (ef til er) og beinafræði. Þeir sem að Kjarvalsstöðum eru að sýsla við líkamshlutamyndir eiga þessar lexíur ólesnar. Því miður.

Og sumt sýnir maður ekki.

Það væri ótugtarlegt að nefna til alla þá, sem mér finnst að hefðu átt að geyma myndirnar sínar heima þessa haustdaga. En sumir þeirra hafa harðan skráp, og það sem meira er: þeir eru komnir á þann aldur í listsköpun að þeim væri aðeins greiði gerður með því að sagt yrði frá. Auk þess sem þar eru og menn, sem lærðir listgagnrýnendur hafa hampað í áravís.

Þetta eru sum sé þeir tveir **Sveinn Björnsson**, leynilögreglumaður úr Hafnarfirði, sem hefði átt að leyna öllum þremur myndunum sem hann þess í stað fór með á Kjarvalsstaði, og hitt er skólameistarasonurinn að norðan, hann **Örlygur Sigurðsson.**
Hann hefði að skaðlausu mátt halda annarri myndinni í felum. Mannamyndin hans er skammlaus, enda fyrirsætan alklædd og Örlygur kemur því ekki upp um það hvort hann kann eitthvað í líkamsfræðunum eða ekki.

En sem sagt. Það sem mest nýjabrumið var að, mestur ferskleikinn og mesta nautnin á að horfa og koma við í þessari sýningu var frá konunum komið. Húrra fyrir þeim!

Í Norræna húsinu

17 grafíklistamenn sýna í Norræna húsinu, og þótt nafn sýningarinnar sé ekki hugkvæmnislegt — Íslensk grafík '79 — þá er sýningin bráðskemmtileg: fullt af skemmtilegum hugmyndum, prýðilega útfærðum.

Ég sé enga ástæðu til þess að tíunda allt það ágæti, sem fyrir augun bar í Norræna húsinu; þar er hver hagleiksmaðurinn öðrum betri.

Og þó!

Hlutur kvennanna er aftur áberandi. Húrra fyrir þeim. Og af minnisstæðustu myndum, tæpum sólarhring eftir að hafa litið þær allar 112 talsins, eru myndir **Lísu K. Guðjónsdóttur**. Sérstaklega tvær: **„Vér byggjum borgir"** og **„Burt, burt"**. Tröllsterkar samtímalýsingar unnar á svo fínlegan og nostursamlegan hátt orka ótrúlega sterkt og kannski fyrst og fremst sannfærandi.

En engar upptalningar. Þessi sýning er afspyrnu góð.

Sýningarskrár fylgdu á báðum stöðum. Kjarvalsstaðaskráin er alsver sýningarskrá kostuð með auglýsingum frá tveimur verslunarfyrirtækjum. Í Norræna húsinu er sýningarskráin vegleg og eiguleg bók, snyrtilega og fagmannlega unnin. Kannski segir þetta tvennt allt um muninn á þessum tveimur sýningum.

Að lokum: Sýningu grafíkeranna á að setja upp víða og breitt um Norðurlönd. Það er góð uppáfinning. Fyrir útflutning á þessari grafíklist þarf enginn Íslendingur að skammast sín.

Til hamingju, grafíkerar!

—úþ

P.S.
Í anddyri kjallarans að Norræna húsinu eru vel fram settar upplýsingar um grafík og grafíska vinnu. Fyrir þess lags upplýsingar þökkum vér fáfróðir.

—Sami.

Leikmanns þankar um tvær listsýningar